

Mál nr. 420/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Sönnun tjóns. Upplýsingaskylda vátryggðs.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. desember 2022.
2. Bréf V dags. 22. desember 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að frystikista M hafi sennilega eyðilagst vegna rafmagnsleysis í kjölfar óveðurs þann 9. október 2022. Atvikið hafi ekki uppgötvast fyrir en 29. október þegar til stóð að halda matarboð og sækja kjöt í kistuna. Þá var allt í henni orðið illa lyktandi og ónýtt. Kistan var lítið notuð og stóð við hlið annarrar kistu sem gengið var um nær daglega. Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins hafi komið fjarlægt ónýtu matvælin þann 2. nóvember 2022. M datt ekki í hug að taka myndir af matvælunum áður en þeim var fargað þar sem hann vissi ekki að vátryggingin tæki á slíkum tjónum. Telur M sig hafa gert allt rétt þ.e. tilkynnt tjónið, reynt að finna reikninga yfir matinn í kistunni og hafði samband við vitni. Kistan stendur enn fyrir utan heimili M og bíður þess að starfsmenn V komi og skoði hana. Reikningar fyrir keyptum matvælum fyrir hluta bótafjárhæðarinnar hafa verið sendir til V að beiðni þeirra. Fyrirtækið sem tæmir rusl í sveitarfélaginu beri vitni um að skemmdur matur hafi verið fjarlægður úr frystikistu hjá M. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti þann 24. nóvember 2022 þar sem M hafi ekki lagt fram viðunandi sönnunargögn til að sanna tjón sitt.

V vísar til þess að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á að krafa hans eigi við rök að styðjast, þ.e. að umræddur atburður hafi gerst eins og hann lýsir og að tjón hafi orðið á þeim matvælum sem hann taldi fram í tjónstilkynningu að hefðu skemmt í tjóninu. M hefur þrátt fyrir ítrekuð samskipti við V, ekki lagt fram fullnægjandi gögn að mati V. Innbústrygging sú sem um ræðir nær m.a. til tjóns sem verður vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikáps sbr. grein 3.11. í skilmála vátryggingarinnar. Nær tryggingin til matvæla sem skemmast og til frystikistunnar ef hún er yngri en 5 ára. Vísar V einnig til 11. gr. almennra skilmála þar sem tekið er fram að við uppgjör bóta skulu tryggðar eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem félagið þarf til að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Er umrædd regla í samræmi við meginreglu vátryggingaréttar um að tjónþola beri að sanna tjón sitt m.a. með því að leggja fram gögn til stuðnings kröfu sinni um greiðslu bóta.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikáps. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um að tjónsatvikið sem slíkt falli undir trygginguna, heldur telur V að tjón M sé ósannað í skilningi 11. gr. almennra vátryggingarskilmála félagsins þar sem M var búinn að henda öllum matvælum sem voru í frystikistunni án þess að hafa tekið myndir af matvælunum til staðfestingar. M hefur lagt fram til nefndarinnar afrit af samskiptum sínum við rekstrarstjóra yfir sorphirðu í sveitarfélagi því sem M býr í þar sem fram kemur að starfsmenn sorphirðunnar staðfesti að hafa aðstoðað M við að losa hann við gríðarlega mikið magn af matvælum í byrjun nóvember 2022. Í vátryggingarskilmála þeirrar tryggingar sem hér um ræðir eða í almennum skilmálum félagsins er hvergi að finna ákvæði sem skyldar vátryggðan til þess að taka ljósmyndir og afhenda V til sönnunar á tjóni. Orðalag 11. gr. almennra skilmála V skyldar M eingöngu til þess að veita V upplýsingar og afhenda gögn sem „hann hefur aðgang að“ eins og það er orðað í umræddu ákvæði. Verður því með vísan til alls ofangreinds að telja að M hafi veitt V allar þær upplýsingar og gögn sem hann hefur aðgang að í skilningi 11. gr. skilmálans. M hefur veitt V aðgang að umræddri frystikistu til skoðunar, afhent V kvittanir sem til eru fyrir matvælunum og lagt fram staðfestingu frá yfirmanni sorphirðu sveitarfélagsins um að matvæli hafi verið fjarlægð frá heimili M eftir tjónið. Með hliðsjón af framangreindu á M rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir